

Álftin og dósin



Verkefnalýsing

1. Nemendur horfa á fréttir um álftina sem festi sig í dós (sjá slóðir).
2. Umræður um efnið.
3. Nemendum er skipt í 2-3 manna hópa og svara eftirfarandi spurningum:
 - a. Hvað kennir sagan um álftina okkur?
 - b. Af hverju er mikilvægt að hugsa vel um umhverfið/náttúruna?
 - c. Hver ber ábyrgð á málinu?
 - d. Hvað getum við gert?

4. Nemendur finna myndir af öðrum dýrum sem hafa lent í því að festa sig í drasli sem hent hefur verið út í náttúruna.



5. Nemendur gera veggspjald með mynd af dýrinu og skrifa stutta greinargerð þar sem vandamálinu er lýst og hvaða aðgerðir er hægt að grípa til. Nemendur geta einnig teiknað myndir af heimsmarkmiðunum sem tengjast málefnum.
6. Nemendur eru með stutta kynningu fyrir framan bekkinn þar sem þeir segja frá sínu verkefni og greina frá niðurstöðum sínum.
7. Nemendur búa til álfst eða annað dýr sem þau eru að fjalla um. Mælst er til að nemendur noti umhverfisvæn efni, endurnýti, t.d. pappír o.fl. Nemendur geta notað efni frá skólanum eða að heiman. Leyfið nemendum að koma með sínar eigin hugmyndir um hvernig best er að vinna verkefnið.

Fréttaslóðir um álfina:

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/03/03/vilja_hjalpa_alft_ad_losna_vid_aldos/

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/03/04/folk_reyni_ekki_ad_bjarga_alftinni/

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/03/04/var_logst_nidur_til_ad_deyja/

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/03/04/unir_ser_vel_i_husdyragardinum/

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/03/05/timinn_fer_i_snyrtingu_og_thrif/

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/03/07/alftin_utskrifadi_sig_sjalf/

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/03/07/thetta_var_gafud_alft/

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/03/04/austurriska_aldosin_a_alftinni/

Aðrar spurningar/verkefni

1. Hvað er lífbreytileiki og hvaða máli skiptir hann?
2. Hvað er náttúruvernd og skiptir hún máli?
3. Hvaða dýr lenda í því að verða fyrir barðinu á slæmri umgengni fólks við náttúruna og umhverfið?
4. Af hverju festast dýr í plasti eða öðru drasli?
5. Hvað verður um þau dýr sem festast t.d. í plasti eða öðru drasli? Geta þau bjargað sér sjálf?
6. Hvernig hefði farið fyrir álfinni ef henni hefði ekki verið bjargað?
7. Er eitthvað sem þú getur gert til að koma í veg fyrir að dýr lendi ekki í þessum vandræðum?
8. Hvaða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eiga við verkefnið Álfín og dósín?
9. Hvað er plast aðallega notað í?
10. Gætir þú notað minna af plasti eða hætt því alveg?
11. Hver er munurinn á plasti og örplasti?
12. Hvaða áhrif hefur það á dýr að éta plast?
13. Er skaðlegt fyrir mannfólkið að borða dýr sem hafa étið örplast/plast?

Kennsluleiðbeiningar:

Um verkefnið:

Verkefnið tengist m.a. lífi á landi og í vatni. Lögð er áhersla á virkni nemenda. Mikilvægt er að efnið sé kynnt vel fyrir nemendum þannig að þeir geti ígrundað efnið og myndað sér skoðun á því. Gott er að vera með opnar spurningar og leyfa nemendum að hugsa sig um, af hverju er eitthvað eins og það er og hvað er hægt að gera til að finna lausnir á því? Leyfið nemendum að koma með gagnrýnar spurningar. Hver ber ábyrgð á stöðu málsins og af hverju? Hvert er hlutverk einstaklingsins, samfélagsins, sveitarfélagsins, fyrirtækja, ríkisstjórnar, alþjóðastofnana, heimsins? Hvað gerist ef málið er ekki leyst? Hvað gerist ef dýrin halda áfram að festa sig í drasli í umhverfinu?

Verkefnið snertir alla grunnþætti menntunar. Lögð er áhersla á virkni nemenda, samvinnu, virka hlustun, ígrundun, gagnrýni, sjálfstæði. Hlustað er á öll sjónarmið og nemendum gefinn kostur á að segja sína skoðun, sem og að virða skoðanir annarra. Í lýðræðissamfélagi er tjáningarfrelsi einstaklingsins virt. Mikilvægt er að skapa afslappað andrúmsloft í skólastofunni/eða annars staðar þar sem nám fer fram til að nemendur séu óhræddir við að tala og tjá sig. Nemendur vinna saman í hópum og leita svara við ýmsum spurningum með því að afla sér upplýsinga.

Aldurshópur:

Verkefnið er ætlað fyrir öll stig grunnskóla með því að velja hvaða verkefni/spurningar henta fyrir hvern aldurshóp.

Tímalengd:

Verkefnið er fjölbreytt og býður upp á marga möguleika, hvort sem er ein kennslustund eða fleiri. Hægt er að vinna það sem þemaverkefni og einnig að samþætta það við aðrar námsgreinar.

Helstu markmið námsefnisins er að nemendur:

- Læri um mikilvægi lífbreytileika og náttúruverndar
- Geri sér grein fyrir áhrifum hegðunar mannsins á umhverfi og náttúru.
- Beri virðingu fyrir lífverum, umhverfi og náttúru.
- Læri um Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun
- Vinni saman og leiti lausna.
- Efli félagsfærni og samkennd.
- Séu virkir, hlusti á aðra, ígrundi.
- Sýni sjálfstæði, gagnrýna hugsun og sköpun.

Tenging við grunnþætti í aðalnámskrá:

Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun.

Heimsmarkmið sem tengjast verkefninu:

